

1873.

16. apríl.

um, að gefin verði út íslensk þjónustufrímerki uppá 16 sk., gefum vör yður til kynna, að stjórnarráðið eptir kriugumstæðunum og sérilagi af því, að það er eigi hægt að finna hæfilegan lit fyrir tæð frímerki, sem bæri nóg á, eigi hefir fundið ástæðu til að láta gefa út slík frímerki nú sem stendur.

16. apríl.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um sveitastjórn.

Í bræfi, dagsettu 8. nóvbrm. f. á., hafði þér, herra landshöfðingi, stungið uppá, að dómsmálastjórnin samkvæmt 61. gr. í tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, ákveði, hvenær tæð tilskipun skuli öðlast fullt gildi, og hafði þér í því tilliti álitid, að þetta yrði að gjöra með tilskipun, sem skyldi birta á manntalsþingum.

Í sambandi við þetta hafði þér stungið uppá ýmsum ráðstöfunum til þess að tilskipunin, ef hægt væri, að minnsta kosti að nokkru leyti gæti öðlast gildi þegar á þessu ári.

Útaf þessu getum vör þess: að stjórnarráðið hefir byggt á því, þegar tilskipunin kom út, að það gæti ekki komið til tals, að hún öðlast fullt gildi fyr en á árinu 1875, og að 61. grein er orðuð eins og hún er einmitt af þessari ástæðu, og svo af því, að það þókti eiga miður vel við að taka beinlínis til nefnt ár, sem væri svo langt að bíða, að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir eigi getað annað en efazt mjög um, hvort hinar ýmsu uppástungur í fyrnefndu bræfi yðar til þess að flýta fyrir því, að tilskipunin öðlast gildi, væri lögmætar, og að eigi þykir næg ástæða til, að láta koma út sérstaka tilskipun, sem verði birt á mantalsþingum um, að tilskipunin um sveitastjórn skuli öðlast gildi samkvæmt 61. gr.; en að öðru leyti mælumst vör til þess, herra landshöfðingi, að þér gjörðið þær ráðstafanir til þess tilskipunin öðlist gildi, þegar búid er að birta hana á manntalsþingum, að kosningar til hreppsnefndanna geti fram farið á hreppskilapingum

1873.
16. apríl.

vorid 1874, til sýslunefndanna á manntalsþingum s. á. og til amtsráðanna á fundi sýslunefndanna, er þær eru kosnar, sömu-leiðis einhverntíma á árinu 1874, eða í öllu falli á öndverðu árinu 1875, en þar á eptir skulu tæðar sveitastjórnar-nefndir á þessu ári taka til starfa, eptir því, sem segir fyrir í tilskipuninni. Eins og búid er, eptir því, sem þær hafið skýrt frá, að sjá um, að það verði ákveðið samkvæmt 2. grein tilskipunarinnar, hve margir hrepps-nefndarmenn skuli vera í hverjum einstökum hreppi, þannig verður og í þessu tilliti einkum að gjöra ráðstafanir í tækan tíma til þess að setja kjörstjórnir, semja kjörskrár o. s. frv., samkvæmt 6., 7. og 29. grein, og að búa til fyrirmyndir til bráðabirgða fyrir áætlanir um tekjur og útgjöld hreppanna og sýslanna samkvæmt 19. og 40. grein.

Þar sem þær í fyrnefndu bréfi yðar hafið látið í ljósi, að hreppstjórnir geti eigi jafnað niður útsvarinu til fátækra á haustinu 1874 samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834, sem nú er í gildi, þegar búid sè að kjósa hreppsnefndirnar á vorinu 1874, — en samkvæmt 14. grein tilskipunarinnar skulu þær takast á hendur stjórn fátækramála hreppanna —, og að því verði þörf á, að gjöra ákvörðun um þetta um stundar sakir, leiðum vèr eigi hjá oss að geta þess, að ákvarðanirnar í 14. grein tilskipunarinnar að álitu stjórnarráðsins eigi eru því til fyrirstöðu, að útsvarinu til fátækra á haustinu 1874 verði jafnað niður á sama hátt og áður, og þá að hreppstjórnir gjöri það, en það kemur einnig bezt heim við hinar aðrar ákvarðanir í tilskipuninni, með því hreppsnefndin að eins getur jafnað niður þeim gjöldum, sem eru tiltekin í áætlun þeirri, sem hún hefir samið, en sú áætlun er eptir því, sem sagt er að framan, eigi til að haustinu 1874, samanbr. 19. grein tilskipunarinnar, og skal því við bætt, að reikningur sá, sem getið er um í 20. grein, af þessari sök eigi verður gjörður fyr en í fardögum 1875.

Þar sem þær að endingu hafið stungið uppá, að útgjöld sýslanna fyrst um sinn verði greidd af jafnaldarsjóðum amtanna, unz sýslunefndirnar geti jafnað niður þeim gjöldum, sem þörf er á, getur stjórnarráðið eigi sèð, að nokkur heimild sè til þess, en aptur á móti má vel verja það, að veita sýslunum lán

1873.

16. apríl.

af jafnaðarsjóðunum, ef þess verður þörf, en það mun varla koma fyrir, með því ætla má, að sýslunefndirnar þegar í stað geti jafnað niður þeim gjöldum, sem þörf er á.

6. maí.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ferðastyrk handa Óla póstmeistara Finsen.

Eftir að þér, herra landshöfðingi, með bréfi 22. marz þ. á. hafið mælt með bænarskrá nokkurri til stjórnarráðsins, þar sem póstmeistarinn í Reykjavík, Óli Finsen, sækir um styrk til kostnaðarins við dvöl hans í Danmörku, til þess að kynna sèr störf póstembættismanna, samkvæmt því, sem honum var gjört að skyldu þá er hann var skipaður póstmeistari, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið hefir veitt póstmeistara Óla Finsen 100 rd. til þess að greiða fyrnefndan kostnað, auk 50 rd. þóknunar, sem honum er veitt með öðru bréfi dómsmálastjórnarinnar í dag, og sendum vèr yður póstávísun til beggja upphæða, til þess þér fáið þær þeim í hendur, sem í hlut á.

Fyrir móttöku fjárins væntum vèr að fá kvittun yðar.

6. maí.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um þóknun handa Óla póstmeistara Finsen.

Í bréfi, dagsettu 22. marzm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þér hafið sett Óla Finsen, sem skipaður er póstmeistari frá 1. aprílm. þ. á., til þess að standa á eigin ábyrgð fyrir afgreiðslu póstsendinga þeirra, sem komu til Reykjavíkur með póstgufuskipinu í marzm., og þeirra innanlands